

Forseti, ágætu bæjarfulltrúar

Inngangur

Fræðslumál er einn þýðingarmesti og stærsti málaflokkur sem sveitarfélög annast en um helmingur útgjalda renna til þeirra mála. Akureyri státar af öflugu starfi í skólum bæjarins þar sem fagmennska og metnaður er í forgrunni. Til að gera vel í skólumálum þarf skýra sýn og stefnu. Að þeirri vinnu þurfa allir aðilar skólasamfélagsins að koma.

Í ljósi þess hve málaflokkurinn er stór mun ég skipta stefnuræðu minni í annars vegar dagvistunar og leikskólumál og hins vegar í grunnskóla og tónlistarskóla. Í meirihlutasamningnum er lögð áhersla á að hafa fræðslumál í forgrunni þar sem stærsta verkefni kjörtímabilsins er að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla með fjölbreyttum leiðum. Jafnframt þarf að vinna að öðrum mikilvægum verkefnum í öllum skólum ásamt stoðþjónustu og ráðgjöf.

Framtíðarsýnin

Menntun snýst ekki um að fylla fötu heldur að tendra eld. Hröð þróun í samfélaginu kallar á vandaða og breytta starfshætti. Vilji er fyrir því hér á Akureyri að skólastarfið hafi víðtæk áhrif á samfélagið. Í stað þess að vera sífellt að elta og bregðast við eigum við þess í stað að taka forystu og varða leiðina. Heilbrigðismál og umhverfismál eru stærstu viðfangsefni samtímans auk samfélagsbreytinga sem fylgja þróun starfrænnar tækni sem er í raun að bylta okkar samfélagi. Okkar hlutverk er að vinna að velferð og framförum barna. Má óhikað segja að í raun koma börn okkur sífellt á óvart og við blasir að mörg þeirra standa okkur sem fullorðin eru miklu framar í örri þróun samfélagsins.

Menntastefnan

Drög að nýrri og metnaðarfullri menntastefnu tónlistar-, leik- og grunnskóla liggja nú fyrir og voru lögð fyrir fræðsluráð til samþykktar/staðfestingar á fundi ráðsins í gær. Samkvæmt verklagi við stefnumótun hjá Akureyrarbæ verður drögunum vísað til ráða og nefnda auk þess sem þau verða tekin til umfjöllunar í skólum og foreldrahópum. Allir hagsmunaaðilar skólasamfélagsins verða kallaðir að borðinu við gerð aðgerðaráætlunar sem er einn mikilvægast þáttur verkefnisins. Það er meginverkefni kjörinna fulltrúa að móta stefnu bæjarfélagsins og verður haldinn vinnufundur með bæjarfulltrúum og fleirum um stefnuna.

Menntastefna Akureyrarbæjar leggur grunn að framsæknu skóla- og frístundastarfi. Við gerð menntastefnunnar er lagt upp með að hún verði framsýn, afmörkuð og skýr og byggji á gögnum, reynslu og rannsóknum.

Hlutverk fullorðinna er að vinna að velferð og framförum barna með gleði, metnað og umhyggju að leiðarljósi. Hraðar samfélagsbreytingar kalla á ábyrg viðbrögð og framsýni af hálfu fagfólks þar sem heilbrigði og mannkostir eru grunnur að öllu skólastarfi. Flest bendir til þess að óhjákvæmilegt verði að þróa starfshætti í skólum svo koma megi betur til móts við stöðu og þarfir barna vegna örra samfélagsbreytinga.

Stefnan felur í sér almennar aðgerðir sem miða að því að grunnþættir menntunar og hæfniviðmið aðalnámskrár birtist í öllu starfi en rík áhersla er lögð á að starfsfólk skólanna útfæri stefnuna á hverjum stað í samstarfi við nemendur og foreldra. Stefnan tiltekur sameiginlegar áherslur í skóla- og frístundastarfi og forgangsöðun umbótaverkefna.

Dagforeldrar

Dagforeldrar á Akureyri eru 29 og eru sjálfstæðir atvinnurekendur. Þeir starfa skv. Reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005 og þurfa jafnframt að fara eftir ákvæðum og reglum sem Akureyrarbær setur varðandi niðurgreiðslur og umsjón og eftirlit með starfsemi. Samningur er á milli dagforeldra og Akureyrarbæjar um þjónustuna og þá er jafnframt þríhliða þjónustusamningur á milli dagforeldra, foreldra og Akureyrarbæjar. Eitt af þeim verkefnum sem fræðsluráð stendur frammi fyrir er að styrkja dagforeldrakerfið. Fjármagn var sett inn í fjárhagsáætlun 2019 til námskeiðshalds til að styrkja og styðja við verðandi og starfandi dagforeldra og niðurgreiðslu á endurmenntun fyrir starfandi dagforeldra.

Fyrirhugað er að halda kynningarfund með vorinu fyrir foreldra sem nýta sér þjónustu dagforeldra. Markmiðið með slíkum fundi er að upplýsa foreldra betur um kerfið sem og að heyra sjónarmið foreldra og svara spurningum þeirra. Samstarf verður við starfandi dagforeldra vegna fundarins.

Leikskólar

Akureyrarbær rekur 8 leikskóla auk þess sem bærinn er með samning við einn sjálfstætt starfandi leikskóla sem er Hólmasól, rekinn af Hjallastefnunni. Einnig rekur Akureyrarbær leikskóladeildir í samvinnu við grunnskólana í Hrísey og Grímsey, þegar á þarf að halda. Í september 2018 dvöldu 976 börn í leikskólum bæjarins. Leikskólarnir okkar byggja á mismunandi uppeldisstefnum og því mikilvægt að foreldrar geti valið þá skólustefnu sem þeim hugnast best. Því eru leikskólar bæjarins ekki hverfaskiptir.

Leikskólinn er fyrsta skólastigið þar sem lagður er grunnur að skólagöngu barna.

Aðalnámskrá leikskóla og skólustefna Akureyrar eru stefnumótandi leiðarvísar um uppeldisstörf í leikskólum og byggjast á markmiðslýsingu laga um leikskóla og reglugerð um starfsemi þeirra. Aðalnámskráin er leiðarvísir fyrir alla sem vinna að uppeldi og menntun barna í leikskóla og er sveigjanlegur rammi um störf þeirra. Grunnþættir menntunar eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun í leikskólum og fléttast inn í allt leikskólastarfið. Hver leikskóli gerir eigin skólanámskrá og starfsáætlun. Í leikskólunum á Akureyri er m.a. lögð áhersla á þekkingu, leikni, virðingu og vellíðan ásamt því að lögð er áhersla á að hvert barn læri að vinna með öðrum, að deila með öðrum, læri samkennd og að taka tillit til annarra.

Stefnt er að því að bjóða börnum fæddum í jan, feb, mars og apríl börn leikskólapláss í haust en það er mánuði yngri börnum en árið áður. Innritun stendur sem hæst þessa dagana og ýmsir þættir sem hafa áhrif á hversu hratt og örugglega við getum innritað. Samhliða því að nú bjóðum við mánuði yngri börnum leikskólapláss verða jöfnunargreiðslur til foreldra barna 17 mánaða og eldri hjá dagforeldrum til jafns við kostnað á leikskólum. Styrkurinn tekur ekki til niðurgreiðslu á fæðisgjöldum þar sem þau eru mismunandi milli dagforeldra og leikskóla.

Brúum bilið

Stofnaður var vinnuhópur í janúar 2019 en hlutverk hópsins er að finna leiðir til að brúa bilið milli fæðingarorlofs og leikskóla. Hafist var strax handa við að kortleggja þær leiðir sem hægt er að fara til að fjölga leikskólarýmum í bænum, skoða rýmisþörf barna auk þess sem stefna er sett hvað varðar leikskólamál til framtíðar.

Í hópnum sitja fulltrúar frá meiri og minnihluta ásamt starfsmönnum fræðsluviðs. Hópurinn er þessa dagana að afla upplýsinga um stöðu mála, hvernig þróun í fjölda barna verður, hvaða úrræði eru í boði og hvernig skal horfa til framtíðar. Fagráðshópur leikskólastjórnenda er hliðarhópur þessarar vinnu og er mikið og gott samstarf þar á milli. Leikskólastjórar eru þessa dagana að meta stöðu síns skóla, hvort hægt sé að bæta inn ungbarnadeildum og hvað þurfi þá til.

Gert er ráð fyrir að hópurinn skili af sér á vordögum en nú þegar liggur fyrir ósk frá hópnum sem tekin var fyrir á fundi fræðsluráðs í gær en það er að bæta við tveimur færanlegum kennslustofum við Lundarsel. Sú viðbót gefur okkur um 40-44 auka rými. Unnið er að því hörðum höndum að koma þessari aðstöðu upp fyrir 1. september.

Leikskóli við Glerárskóla

Ákveðið var á síðasta kjörtímabili að byggja nýjan leikskóla í bænum. Glerárskólareiturinn varð fyrir valinu en aðkallandi þörf er á leikskóla norðan megin ár. Þessa dagana er verið að vinna að hönnun skólans en um er að ræða 7 deilda leikskóla fyrir 144 börn, þar af er gert ráð fyrir 2 ungbarnadeildum. Nýjum skóla er m.a. ætlað að leysa af hólmi efra húsið í Pálmholti en gert er ráð fyrir að rekstur neðra hússins falli undir Lundarsel. Breyting á deiliskipulagi er nú til kynningar en ákveðið var að fá aðkomu íbúa fyrr að málum en oftast áður. Gert er ráð fyrir því að skólinn taki til starfa haustið 2021.

Auk framkvæmda við nýjan leikskóla á Glerárskólareitnum verður farið í viðamikið viðhald í Glerárskóla í ár og á næsta ári. Gert er ráð fyrir 300 milljónum í viðhald skólans og 105 milljónum í viðhald íþróttahúss. Þrátt fyrir háar tölur er skólinn orðinn gamall og uppsöfnuð þörf á viðhaldi orðin töluverð. Við Karl, fræðslustjóri fór um á fund starfsmanna sl. miðvikudag þar sem fram komu óskir um samkomusal/matsal sem nýtist skólastarfinu betur en er í dag.

Ég tel mikilvægt að við skoðum þetta ítarlega við gerð næstu fjárhagsáætlunar hvort möguleiki sé á að koma þeirri framkvæmd inn og bæta þannig húsnæði skólans með framtíðarmöguleika í huga.

Seinni hálfleikur ;-)

Grunnskólar

Grunnskólastarf á Akureyri á sér langa sögu sem nær allt aftur til ársins 1871. Á því ári sitja um 20 börn með kennara sínum lítilli kennslustofu í Aðalstræti og birtan frá einum steinolíulampa verður að duga. Fátt annað er í skólastofunni nema skólatafla, grifflar og steinspjöld til að reikna og skrifa á. Full ástæða er til að minna á hversu stórstígar framfarir hafa orðið í skólastarfi á 148 árum en í dag búum við börnum okkar einar bestu aðstæður í skólum sem völ er á í heiminum. Hér rekum við 7 almenna grunnskóla, einn sérskóla og tveir skólar eru samreknir leik- og grunnskólar. Nemendur eru rúmlega 2.700. Skólastarfið byggir á stefnu um menntun fyrir alla og er einstaklingsmiðun í námi höfð að leiðarljósi. Hátt hlutfall fagfólks vinnur í skólunum sem á að tryggja vandaða starfshætti.

Að undanfögnu hafa bæjaryfirvöld aukið fjármagn til eflingar upplýsingatækni. Mikil áhersla er lögð á að sú þróun fjölgi valkostum og námsleiðum barna og verði til þess fallin að auka áhuga þeirra á námi. Þótt dregið hafi úr mikilvægi þekkingarnáms þá verður öllum að vera ljóst að þekking er undirstaða skólastarfs en ekki síður er mikilvægt að læra hvernig við nýtum þekkinguna. Það er ríkur vilji bæjaryfirvalda að efla list- og verkgreinakennslu sem bæði hefur gildi í sjálfu sér auk þess sem samþætting við annað nám getur skipt sköpum við að skapa áhuga og efla sköpun í skólastarfi. Síðast en ekki síst vil ég minna á að við megum ekki sætta okkur við annað en að öll börn nái það góðri lestrarfærni að þeim verði allir vegir færir bæði varðandi frekara nám sem og að takast á við lífið og tilveruna. Lestarfærni má aldrei skerða tækifæri okkar til betra lífs.

Frístund

Mikilvægt að auka samvinnu á milli íþrótt- og skólastarfs og leggja þarf áherslu á að þátttaka barna í íþrótt- og tómstundastarfi sé hluti af samfelldum vinnudegi þeirra. Í starfsáætlun fræðslu- og frístundaráðs er þetta eitt af áhersluatriðunum og er nú í undirbúningi að fara af stað með tilraunaverkefni í tveimur grunnskólum bæjarins sem tekur mið af þessu og verður horft til barna í 1. – 4. bekk. Samvinna þessara tveggja ráða skiptir máli og þekkingin og hæfnin sem er til staða hjá starfsfólki þessara sviða er mikil til að hrinda í framkvæmd samfelldun vinnudegi barna. Búið er að ráða verkefnastjóra til að stýra þessu

verkefni enda krefst þetta góðs undirbúnings, samstarfs og samtals innan íprótta- og skólastarfsins.

Skólaþjónusta

Hlutverk skólaþjónustu Fræðslusviðs er margþætt, má þar nefna einstaklingsráðgjöf til skóla, foreldra og barna varðandi uppeldi, líðan og kennslu. Þá er greiningum einnig sinnt, hvort sem það snýr að námi, hegðun, líðan, samskiptum, málþroska eða almennum þroska. Þá felur einnig stór hluti þjónustunnar í sér teymisvinna vegna fatlaðra barna og barna með hegðunarerfiðleika. Skólaþjónustan hefur einnig unnið mjög markvisst að því að auka þátt forvarna og fræðslu. Þá eru haldin ýmis námskeið fyrir börn og foreldra, sem og fræðsla fyrir foreldra einhverfra barna. Þá hefur einnig verið lögð áhersla á fræðslu fyrir starfsfólk skóla um skipulögð vinnubrögð.

Mikil áhersla hefur verið lögð á snemmtæka íhlutun og að þjónustan skili sér sem allra fyrst til barna, foreldra og skóla. Þá hefur einnig verið lögð rík áhersla á þétt samstarf við önnur svið Akureyrarbæjar, s.s. fjölskyldu-, samfélags- og búsetusvið. Það er talið afar mikilvægt að tryggja samfellu í þjónustu við börn og fjölskyldur þeirra. Þá hefur einnig verið mikið samstarf við aðrar stofnanir s.s. Sjúkrahúsið á Akureyri, Heilbrigðisstofnun Norðurlands, Þroska- og hegðunarstöð og Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.

Tónlistarskólinn á Akureyri

Tónlistarskólinn á Akureyri stendur í mikilli þróunarvinnu og frumkvöðlastarfi um þessar mundir. Þar ber hæst að nefna samstarf við alla leik- og grunnskóla Akureyrarbæjar í Söngvaflóði þar sem kennarar heimsækja öll grunnskólabörn einu sinni í viku og kenna þeim lög og ljóð tengd menningararfi sínum. Hafa sömu nemendur heimsótt Hof og tekið þátt í tónleikum með landsþekktum listamönnum tvisvar sinnum á ári. Ljóst er að verkefnið hefur öðlast mikinn hljómgrunn meðal grunn- og leikskóla og að mikil eftirspurn virðist vera eftir tónlistarmenntun og tónlistariðkun meðal þeirra. Það er því afar ánægjulegt að sjá hvernig hægt er að nýta þá sérþekkingu sem býr innan Tónlistarskólans til þjónustu á breiðari grunni

eins og þeim sem skapast hefur með þessu samstarfi. Söngvaflóðsverkefnið stendur nú á töluverðum tímamótum þar sem óvíst er hvort fjárhagsaðstæður leyfa framhald þess en unnið er að því að hagræða með það fyrir augum að hægt verði að halda starfseminni áfram í einhverri mynd. Vonum við að hægt verði að vinna þannig úr málum að þetta mikilvæga verkefni nái áfram að vaxa og dafna í framtíðinni.

Annað sem ber hæst í starfi Tónlistarskólans, að undanskilinni hefðbundinni starfsemi hans, er umfangsmikið samstarfs og þróunarverkefni Tónlistarskólans á Akureyri og allra framhaldsskóla á svæðinu frá Tröllaskaga til Húsavíkur. Starfsfólk skólans skrifaði og hrinti af stað þremur nýjum framhaldsnámskrám í klassískri tónlist, rytmískri tónlist og skapandi tónlist með það fyrir augum að gera nemendum, sem hyggjast gera tónlist að aðalstarfi, kleift að ljúka stúdentsprófi með allt að 114 einingum í tónlist við sinn framhaldsskóla. Verkefnið hefur nú þegar laðað framhaldsskólanemendur til bæjarins og nýtt við það þá miklu sérþekkingu og glæsilegu aðstöðu sem í skólanum býr til þess að styðja við menningar- og atvinnulíf á svæðinu. Innritaði skólinn 13 nemendur á þessar nýju námsbrautar haustið 2018 sem er margföldun á nemendafjölda fyrri tónlistarbrauta framhaldsskólanna. Tónlistarsérhæfingin býður upp á þrjár námsleiðir, klassíska tónlist, rytmíska tónlist og skapandi tónlist og hafa nemendur því möguleika á að móta tónlistarnámið að sínu áhugasviði. Með námsleiðinni Skapandi Tónlist, sem byggir á hugmyndafræði markþjálfunar og persónulegri ábyrgð nemenda, er sérstaklega höfðað til nemenda sem hafa skýr framtíðarmarkmið, hafa verið virkir í listsköpun sinni eða þátttakendur í atvinnulífinu en ekki fundið þjónustu við hæfi innan þröngs ramma greinanámskráa tónlistarskólanna.

Er verkefnið ekki síst mikilvægt eftir stofnun Menntaskóla í Tónlist í Reykjavík sem hefur haft ákveðið aðdráttarafl fyrir nemendur í krafti stuðnings Mennta- og Menningarmálaráðuneytisins. Sérstaða hinnar nýju námsbrautar, aukið námsframboð á mið- og framhaldsstigi, aðstaðan í Hofi sem og samstarfið við heimavist Menntaskólans á Akureyri verður þó að teljast aðlaðandi valkostur fyrir nemendur af landinu öllu sem ekki geta gengið að húsnæði vísu á Höfuðborgarsvæðinu. Teljum við afar mikilvægt að opna samtal á milli Akureyrarbæjar og Mennta- og Menningarmálaráðuneytisins sem fyrst um framtíðarstuðning við verkefnið, með tilliti til jafnræðis til náms, atvinnuuppbyggingar og

búsetu. Slíkt samtal verður að teljast gríðarmikilvægt þegar horft er til hinnar öflugu uppbyggingu sem hefur átt sér stað á sviði tónlistariðnaðar á Akureyri síðustu árin og hins mikla þróunarstarfs sem unnið hefur verið í Tónlistarskólanum."

Niðurlag

Í fræðsluráði sitja auk mín þau Hildur Betty Kristjánsdóttir, Heimir Haraldsson varaformaður, Þórhallur Harðarson, Rósa Njálisdóttir og Þuríður Sólveig Árnadóttir en í forföllum hennar fram á vor situr Einar Gauti Helgason. Ólíkt öðrum nefndum bæjarins þá situr fjöldi áheyrnafulltrúa, frá leik- og grunnskólum úr hópi kennara, skólastjórnenda og fulltrúar foreldra. Einnig sitja sviðsstjóri, forstöðumaður rekstrardeildar alla fundi. Í kjölfar kosninga kom mikið af nýju og áhugasömu fólki inn í ráðið en ljóst er að allir vinna sem einn að því marki að ná fram bestu niðurstöðunni. Vil ég nýta tækifærið og þakka fyrir ánægjulegt samstarf en það er virkilega gott að vinna í stórum verkefnum með frábæru fólki.